



Reykjavík, 30. mars 2026

MSS26020025

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknarflokksins um að hefja samtal við Samhjálp um staðsetningu kaffistofu

Á fundi borgarráðs þann 5. febrúar 2026 lagði borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins fram svohljóðandi tillögu um að hefja samtal við Samhjálp um staðsetningu kaffistofunnar:

Borgarfulltrúi Framsóknar leggur til að Reykjavíkurborg hefji samtal við Samhjálp um staðsetningu kaffistofu Samhjálpar sem miði að því að aðstoða Samhjálp við að finna annað húsnæði fyrir kaffistofuna á hentugri stað. Jafnframt er lagt til að borgin skoði sérstaklega eignasafn sitt og meti hvaða fasteignir í eigu borgarinnar geti hentað undir starfsemina, auk þess að eiga samtal við ríkið um mögulegar eignir í borgarlandinu sem nýta mætti í sama tilgangi. Mikilvægt er að niðurstaða um staðsetningu kaffistofunnar verði unnin í samráði við Samhjálp, íbúa og borgaryfirvöld með það að leiðarljósi að tryggja áfram þá mikilvæga þjónustu sem Samhjálp veitir.

Óskað var eftir umsögn velferðarsviðs um tillöguna með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 25. febrúar 2025.

Umsögn:

Samhjálp hefur um langt árabil veitt mikilvæga þjónustu fyrir jaðarsetta einstaklinga, þar á meðal fólk sem býr við heimilisleysi, fátækt eða félagslega einangrun. Oft eru gestir bæði heimilislausir og að glíma við afleiðingar langvarandi fátæktar, veikinda og/eða fíknivanda.

Kaffistofa Samhjálpar hefur lengi verið staðsett í húsnæði í Borgartúni sem nú hefur verið rífið vegna uppbyggingar á hóteli á svæðinu. Hefur Samhjálp því fundið starfsemi Kaffistofunnar tímabundið annan samastað.

Frá þeim tíma að Kaffistofan fór út úr húsnæðinu í Borgartúni hefur starfsemin verið tvískipt, á Lynghálasi 3, framleiðslueldhús og aðföng, og tímabundið húsnæði hjá Fíladelfíu í Hátúni 2, matsalur og úthlutun matar. Allur matur er eldaður á Lynghálasi og fluttur daglega í máltíðaskömmtum yfir í Hátún.

Reglulegir fundir hafa verið haldnir með Samhjálp, skrifstofu velferðarsviðs og Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar, þar sem markmiðið hefur verið að finna annað húsnæði fyrir Kaffistofuna og til að finna varanlegt og þjónustuhæft húsnæði. Var farið í



Reykjavík



að skoða húsnæði frá Granda og að Grensásvegi en ekkert húsnæði fannst sem var til sölu eða leigu fyrir starfseminna né í eignasafni borgarinnar eða ríkisins.

Þegar rýma þurfti aðstöðna í Borgartúni fékk Samhjálp tímabundið húsnæði hjá Fíladelfíu frá 1. desember 2025, en það húsnæði kemur ekki til með að hýsa starfseminna til framtíðar. Endurtekið kom upp að finna þurfti bráðabirgðahúsnæði þar til að varanlegt húsnæði myndist fyrir starfseminna.

Um miðjan september 2025 var haldinn fundur þar sem Samhjálp óskaði eftir tengingu milli Samhjálp, byggingarfulltrúa og Heilbrigðiseftirlitsins. Var Samhjálp þá búin að taka á leigu húsnæði að Grensásvegi 46 til þriggja ára.

Húsnæðið að Grensásvegi reyndist háð flokki leyfa sem kallaði á grenndarkynningu, m.a. vegna breytinga á notkun rýmisins og sérstöðu starfseminnar.

Leyfisferlið reyndist umfangsmikið og tók lengri tíma en ætlað var, m.a. vegna:

- Kröfu um grenndarkynningu skv. skipulagsreglugerð
- Samþykkis fjöleignarhúsa þar sem starfsemin hafði áhrif á sameign
- Ábendinga um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir sem síðan voru stöðvaðar með formlegu bréfi 19. desember 2025

Á íbúafundi, þar sem um 200 manns mættu, kom fram bæði eindreginn stuðningur við mikilvægt hlutverk Kaffistofu Samhjálp og jafnframt andstaða við fyrirhugaða staðsetningu á Grensásvegi.

Íbúar óskuðu eftir:

- Skýrari upplýsingagjöf
- Gagnsæju ferli
- Mótvægisáðgerðum vegna áhrifa á nærumhverfi

Af hálfu velferðarþjónustunnar hefur komið skýrt fram að:

- Notendur þjónustunnar þurfi staðsetningu miðsvæðis, nálægt neyðarskýlum og almenningsamgöngum
- Núverandi staðsetning á Grensásvegi er fjarri helstu viðkomustöðum notenda og hefur leitt til færri heimsókna
- Hugsanlegt væri að ná fram samlegðaráhrifum með því að hafa Kaffistofu og Ylju í nálægð, líkt og áður var í Borgartúni

Ljóst er að Kaffistofa Samhjálp gegnir lykilhlutverki í þjónustu við einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Reykjavíkurborg hefur unnið að því í samstarfi við Samhjálp að finna viðeigandi húsnæði, en ýmsar skipulagslegar, félagslegar og tæknilegar áskoranir hafa tafið ferlið.

Brýnt er að:

- Finna varanlega og miðlæga lausn sem þjóni notendum vel
- Tryggja gagnsæi og öflugt samráð við íbúa á snemmstigi ferla





- Samhæfa ákvarðanir við þjónustuparfir neyðarskýla og annarra úrræða í borginni

Húsnæðið að Grensásvegi er tímabundið húsnæði og því enn verið að leita að varanlegri lausn fyrir Kaffistofu Samhjalpar. Starfsfólk Samhjalpar hefur óskað eftir að Reykjavíkurborg flýti afgreiðslu leyfa til uppbyggingar nýs húsnæðis fyrir starfsemina í Hátúni og verður því áfram samstarf á milli Samhjalpar, velferðarsviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.

